



# AÐ STJÓRNA RÁÐUNEYTI TIL ÁRANGURS

UNNUR GUNNARSDÓTTIR



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



# SAMGÖNGURÁÐUNEYTI

## MÁLAFLOKKAR OG STOFNANIR



### Ferðamál

- Ferðamálastofa

### Póst og fjarskiptamál

- Póst- og fjarskiptastofnun

### Umferðarmál

- Umferðarstofa
- Rannsóknarnefnd umferðarslysa



### Flugmál

- Flugmálastjórn Íslands
- Rannsóknarnefnd flugslysa

### Siglinga- og hafnamál

- Siglingastofnun Íslands
- Rannsóknarnefnd sjóslysa

### Vegamál

- Vegagerðin



# LITIÐ AFTUR TIL ÁRSINS 1997

Eftirfarandi er tekið úr minnisblaði sem skrifað var í ráðuneytinu í kjölfar námskeiðs um „Árangursstjórnun í ríkisrekstri“ 7. maí 1997.

Orðrétt segir: „Tilgangurinn var að kynna fyrir ráðuneytinu og stofnunum þess nýja „sýn“ í ríkisrekstri.....

Á meðan þessar kynningar fóru fram vöknudú spurningar og umræður spunnust um málið. Fundarmenn voru fremur tortryggir gagnvart fjármálaráðuneytinu. Töldu þetta einungis enn eina hugmyndina frá þeim sem ekki verður svo að neinu. Það sem helst vafðist fyrir mönnum voru þeir mælikvarðar sem þarf að finna til að hægt sé að leggja mat á árangurinn.....

.....Það er svo spurning hvort þessar áætlanir geti staðist með tilliti til fjárlaga og þess fjármagns sem stofnanirnar hafa yfir að ráða.“



# ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGAR - HINIR FYRSTU-

- Samningar undirritaðir við allar stofnanir ráðuneytisins á árunum 2000 og 2001
- Samningarnir eru „börn síns tíma”
  - Mælikvarðar eru nánast engir
  - Skil áætlana og ársskýrslna upp og ofan hjá stofnunum
  - Innihald áætlana og ársskýrslna oft ómarkvisst
  - Eftirfylgni og endurgjöf ráðuneytisins bágborin



# ÁRANGURSSTJÓRNUN ÁRIÐ 2000

„Meginmarkmið samningsins er að stuðla að markvissu starfi á þeim sviðum, sem stofnuninni er ætlað samkvæmt lögum. Með samningnum er einnig leitast við að tryggja, sem besta nýtingu þeirra fjármuna, sem lagðir eru til stofnunarinnar af almannafé. Í þessu felst meðal annars að stofnunin viðheldur hæfni til að aðlaga starfsemi sína að breyttum kröfum og nýjum forsendum.”



# ÁRANGURSSTJÓRNUN ÁRIÐ 2000 FRH.

- „Löögð er áhersla á að stofnunin búi við traustan fjárhag.....”
- „Löögð er áhersla á að stofnunin sé eftirsóttur vinnustaður.....”
- „Löögð er áhersla á söfnun, vörslu, úrvinnslu og dreifingu á efni og upplýsingum sem snúa að starfsemi stofnunarinnar.....”



# HVAÐ ER MARKMIÐ?

- Markmið með loftferðasamningum
  - „Ljúka sem flestum loftferðasamningum” eða „Að opna aðgang íslenskra flugrekenda að 5 nýjum flugleiðum á árinu 2006”
- Markmið með áætlanagerð
  - „Vinna langtímaáætlun um öryggismál sjómanna” eða „Að slysum á sjómönnum fækki um 30% á næstu 4 árum”
- Markmið með ökugerði
  - „Að innleiða aksturskennslu í ökugerði” eða „Að fækka umferðarslysum yngstu ökumanna um 10% með innleiðingu aksturskennslu í ökugerði”



# ÁRANGURSSTJÓRNUN ÁRIÐ 2005

## MEIRI ÁHERSLA Á TÍMASETNINGAR OG MÆLANLEIKA

- Öryggi vegfarenda verði bætt með því að farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1, helstu stofnvegum og helstu ferðamannastöðum árið 2006
- Allir landsmenn, sem þess óska, geti tengst háhraðaneti árið 2007. Menntastofnanir verði tengdar öflugum háhraðaneti
- Að stuðla að því að gagnvirkt stafrænt sjónvarp nái til 99,9% landsmanna árið 2007





# ÁRANGURSSTJÓRNUN

## MARGIR SAMVERKANDI ÞÆTTIR

- Stefnumótun - markmiðasetning
  - Verkefnaáætlun ráðherra
  - Samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, ferðamálaáætlun, umferðaröryggisáætlun,
- Framkvæmdaáætlun – verkefnablöð
- Árangursstjórnunarsamningar - samvinna
  - Ársáætlanir, endurgjöf, ársskýrslur, eftirfylgni



# STEFNUMÓTUN MARKMIÐ OG MÆLIKVARÐAR

- Meginmarkmið er bætt umferðaröryggi fyrir landsmenn.
- Tveir mælikvarðar
  - Fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði sambærilegur við það sem lægst gerist í heiminum árið 2016, mælt sem meðaltal 5 ára
  - Fjöldi látinna og alvarlegra slasaðra lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2016



# AÐGERÐAÁÆTLUN

## ARÐSEMISGREINING AÐGERÐA OG FORGANGSRÖÐUN

### Umferðaröryggisaðgerðir:

	<u>Fækkun</u> <u>látinna</u>	<u>Fækkun alvarlegra</u> <u>slasaðra</u>	<u>Fjármögnun</u> <u>2005-2008</u>
Hraðakstur og bílbeltanotkun	2,5	4,8	687
Leiðbeinandi hraðamerkingar	0,3	0,9	17
Eyðing svartbletta	0,5	2,3	312
Ölvun/fíkniefni við akstur	0,5	2,7	228
Umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja	0,1	0,6	15
Umferðaröryggi í námsskrá grunnskóla	0,2	1,0	62
Öryggisbeltanotkun í hóp bifreiðum	0,0	0,3	16
Forvarnir erlendra ökumanna	0,2	1,2	47
Slysum og óhöppum v. lausagöngu búfjár fækkað með girðingum	0,1	0,7	156
<b>Samtals</b>	<b>4,2</b>	<b>14,5</b>	<b>1.540 m.</b>



# VERKEFNABLAÐ FYRIR HVERJA AÐGERÐ

- **Heiti verkefnis:** Forvarnir erlendra ökumanna
- **Markmið:** Að fækka slysum þar sem erlendir ökumenn eru orsakavaldar um 10%
- **Lýsing:** Umferðaróhöpp þar sem erlendir ökumenn eru orsakavaldar jafngilda 5% allra umferðarslysa á landinu. Fræða þarf markhópin um hættur sem steðja að í íslensku vegakerfi. Framleiða þarf meira af fræðsluefni sem sent verður ferðamönnum sem pantað hafa bílaleigubifreiðar og einnig að sýna fræðsluefni um borð í bílferjum sem hingað koma og á bílaleigum og hótelum. Einnig þarf að gera úrbætur á merkingum vega.



- **Hlutverk í verkefni:**

- Verkefniseigandi: Samgönguráðuneytið – Nafn...
- Verkefnisstjóri: Umferðarstofa – Nafn...
- Þátttakandi: Vegagerðin – Nafn...

- **Tímaáætlun, áfangaskipting:**

- Á árinu verður gefið út myndband á 4 tungumálum (ensku, frönsku, spænsku og þýsku). Myndbandinu verður dreift á DVD diskum til viðskiptavina bílaleiga

- **Áætlaður kostnaður: 3 m.kr.**

- **Mat við lok verkefnis:**

Slysum erlendra ferðamanna fækkaði um 42% milli ára. Á árinu 2004 voru slysin 112 talsins en á árinu 2005 voru þau 65 talsins. Árangurinn er einnig talinn tengjast markmiði nr. 2 um leiðbeinandi hraðamerkingar



# ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGAR

- Horft til næstu fjögurra ára í árangursstjórnunarsamningum
- Endurspeгла að hluta pólitísk markmið
- Mikilvægt að lögbundin hlutverk verði ekki útundan
- Stofnanir greini frá áætlunum sínum, og árangri, varðandi markmið og lögbundin verkefni



# HVER ER ÁVINNINGURINN?

- Upplýsingar frá stofnunum eru mikilvægar
- Skrifstofa ráðherra hefur yfirsýnina og veitir endurgjöf í samvinnu við fagskrifstofur
  - Kemur auga á og bregst við:
    - Skörun verkefna milli stofnana ráðuneytisins
    - Þörf fyrir meiri samvinnu stofnana
    - Óskilvirkni og þörf fyrir meiri samvinnu stofnana ráðuneytisins og stofnana annarra ráðuneyta
    - Tvíverknaði
    - Óhagkvæmni
    - Upplýsingaskorti



# ER SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ FULLKOMIÐ?

- Nei, svo sannarlega ekki
  - Enn vantar upp á skil stofnana á áætlunum og ársskýrslum
  - Tilhneiging til þess að taka „aðkallandi” verkefni fram yfir árangursstjórnunarvinnu
- En, við erum alltaf að bæta okkur og það eru stofnanir okkar líka
- Við sjáum árangur og höldum ótrauð áfram





TAKK FYRIR

